

17. gr.

Á eftir 15. gr. laganna bætist ný grein sem orðist svo:

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um hvernig framkvæmd laganna skuli háttað.

VIII. KAFLI

Gildistaka.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði VII. kafla taka til krafna í bú sem tekin verða til gjaldþrotaskipta eftir gildistöku laganna.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál hlutaðeigandi laga og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

AUGLÝSING**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 24. febrúar 1990.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

LÖG**um laun forseta Íslands.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.

2. gr.

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

Undanþága skv. 1. mgr. nær þó ekki til eftirlauna.

3. gr.

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða sérstaklega úr ríkissjóði.

4. gr.

Sá sem kjörinn hefur verið til og gegnt hefur embætti forseta Íslands á rétt til launa skv. 1. gr. í fyrstu sex mánuði eftir að látið er af embætti. Taki fyrrverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur þessi launagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka sex mánaða tímans.

5. gr.

Fyrrverandi forseti Íslands á rétt á eftirlaunum að liðnum þeim sex mánuðum sem hann nýtur launa skv. 4. gr.

Eftirlaunin skulu nema 60 hundraðshlutum af launum forseta Íslands eins og þau eru ákveðin af Kjaradómi hverju sinni. Ef forseti hefur gegnt embættinu meira en eitt kjörtímabil skulu eftirlaunin vera 70 hundraðshlutar launa forseta Íslands og 80 hundraðshlutar hafi forseti gegnt embættinu lengur en tvö kjörtímabil.

Taki fyrrverandi forseti stöðu í þjónustu ríkisins fellur eftirlaunagreiðsla niður ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur.

6. gr.

Nú andast forseti eða fyrrverandi forseti, er laun tekur eða eftirlauna hefur notið, og skal þá greiða eftirlifandi maka laun út sex mánaða tímann skv. 4. gr. og að þeim tíma liðnum 60 hundraðshluta þeirra eftirlauna sem hinn látni hefði átt rétt á.

Taki maki fyrrverandi forseta stöðu í þjónustu ríkisins fellur niður launa- og eftirlauna-greiðsla skv. 1. mgr. ef stöðunni fylgja jafnhá eða hærri laun, ella greiðist launamismunur.

7. gr.

Handhafar forsetavalds skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar skulu samanlagt njóta jafnra launa og laun forseta eru þann tíma sem þeir hverju sinni fara með forsetavald um stundarsakir. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra.

Handhafar forsetavalds skulu fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

8. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 3 frá 6. mars 1964, um laun forseta Íslands, og lög nr. 26 frá 2. maí 1969, um eftirlaun forseta Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. febrúar 1990.

Steingrímur Hermannsson. Guðrún Helgadóttir. Guðmundur Jónsson.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.